

Nd.

378. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin lítur svo á, að breyting sú, sem frv. þetta fer fram á að gerð sje á 1. gr. laga nr. 33, 2. nóv. 1914, og lögum nr. 48, 3. nóv. 1915, um að bæta inn í greinina orðinu »slægjuafnot«, sje í eðli sínu frekar skýring en efnisbreyting.

Undir orðin »leiguliðanot af jörð þótt engin ábúð fylgi« heyra að sjálf-sögðu öll jarðarafnot, en þar sem ágreiningur hefir af því risið, hvort þetta ákvæði næði til slægjuafnota í venjulegum skilningi, er ekki nema sjálfsagt að kveða svo skýrt á um þetta, að eigi verði um deilt.

Í 2. málsgr. 1. gr. laga 1914 er svo fyrir mælt, að þegar um atvinnu er að ræða, sem er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða kaupskapur eða þilbátaútgærð, þá sje heimilt að leggja útsvar á þennan atvinnurekstur, ef hann er rekinn 8 vikur eða lengur.

Nefndinni þykir rjett að breyta þessu þannig, að færa þetta tímatakmark niður í 4 vikur.

Sú breyting er í fullu samræmi við ákvæði 2. gr. laga nr. 33, 1914, þar sem útvegur opinna báta, sem rekinn er í öðrum hreppum, er útsvarsskyldur eftir 4 vikur.

Þetta 4 vikna takmark hefir staðið óhaggað síðan 1905, og sjer nefndin ekki ástæðu til annars en að hjer gildi hið sama um hvorutveggja útveginn, opnu bátana og þilbátana.

Eins er það þegar um sjerstaklega arðsama verslun eða kaupskap er að ræða, sem rekin er um stundarsakir af utanhreppsmönnum, þá virðist ekki ástæða til að gera þeim, sem þá atvinnu stunda, hærra undir höfði en t. d. útvegsmönnum, hvað gjaldskyldu af atvinnurekstrinum snertir.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr. 2. málsg.

1. Í stað »8 vikur« komi:
4 vikur.
2. Í stað orðanna »leiguliðanot af jörð — — — slægjuafnot« komi:
leiguliðanot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi.
3. Fyrir »36. gr. orðist svo« komi:
1. gr. laga nr. 33, 2. nóv. 1914, orðist svo.
4. Fyrirsögn frv. verði:
Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914.

Alþingi, 12. ág. 1919.

Einar Arnórsson,
formaður.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Pjetur Ottesen,
framsögumaður.

Þorleifur Jónsson. Einar Jónsson.